

Mál nr. 210/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Bótaábyrgð. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. júní 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. júlí 2025 ásamt fylgiskjöllum.
3. Bréf V dags. 14. ágúst 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. ágúst 2025 ásamt fylgiskjöllum.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. október 2025 ásamt fylgiskjöllum.
6. Viðbótarathugasemdir V dags. 4. nóvember 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. desember 2024 hafi M verið farþegi í bifreiðinni A er hún hafnaði utan vegar vegna hálfu. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni við atvikið og fyrir nefndinni er þess krafist að úrskurðað verði um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess. Í málskoti kemur jafnframt fram að V hafi, þrátt fyrir að sex mánuðir séu frá slysinu, ekki viðurkennt bótaskyldu sína. Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að V hafi borið því við að um sviðsett slys hafi verið að ræða. Eru gerðar margháttaðar athugasemdir við framgöngu V hvað það varðar en engin gögn liggi fyrir um meinta lögreglurannsókn og sé beðið svara frá lögreglu hvað það varði. Í viðbótarathugasemdum M dags. 20. október 2025 er því lýst yfir að gagnaöflun sé lokið, en engin gögn um umrædda lögreglurannsókn liggi fyrir, og er þess óskað að nefndin taki málið til úrskurðar.

Í síðara bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi stefnt V fyrir héraðsdóm og er afrit stefnu meðfylgjandi. Í stefnu kemur fram að þær dómkröfur séu gerðar að viðurkennd verði bótaskylda V vegna þess líkamstjóns sem M varð fyrir sem farþegi í A í umræddu slysi.

Álit:

Samkvæmt d.-lið 1. mgr. 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum fjallar nefndin ekki um mál sem eru til meðferðar almennra dómstólar. Er það til samræmis við áskilnað c.-liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála þar sem fram kemur að slíkir aðilar skuli vísa frá málum sem eru til meðferðar dómstóla.

Fyrir liggur að M hefur stefnt V fyrir héraðsdóm í máli þar sem gerðar eru sömu dómkröfur og fyrir nefndinni, þ.e. um bótaskyldu V vegna líkamstjóns M. Var málið þingfest í héraðsdómi 6. nóvember sl. Verður því ekki annað séð en að ágreiningur aðila sé til meðferðar dómstóla og ber því, sbr. d.-lið 1. mgr. 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, að vísa máli þessu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 2. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir